

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 46/1999

frá 30. apríl 1999

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/1999 frá 26. mars 1999⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/38/EB frá 3. júní 1998 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 74/151/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna hluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/39/EB frá 5. júní 1998 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 75/321/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stýrisbúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjt.íð. EB L 170, 16.6.1998, bls. 13.

⁽³⁾ Stjt.íð. EB L 170, 16.6.1998, bls. 15.

1. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 74/151/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0038**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/38/EB frá 3. júní 1998 (Stjtið. EB L 170, 16.6.1998, bls. 13).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 74/150/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0038**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/38/EB frá 3. júní 1998 (Stjtið. EB L 170, 16.6.1998, bls. 13).“

2. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 6. lið (tilskipun ráðsins 75/321/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0039**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/39/EB frá 5. júní 1998 (Stjtið. EB L 170, 16.6.1998, bls. 15).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 74/150/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0039**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/39/EB frá 5. júní 1998 (Stjtið. EB L 170, 16.6.1998, bls. 15).“

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 98/38/EB og 98/39/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vík

E. Gerner